



Fundur í stjórn Listasafns Árnesinga, haldinn í Listasafni Árnesinga 26. febrúar 2025, kl. 8:30

Mætt eru:

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Kristín Scheving, safnstjóri, Njörður Sigurðsson, og Bjarni H. Ásbjörnsson boðar forföll.

Kristín Scheving ritar fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1) Viðgerðir á húsnæði. Bókun var samþykkt á haustþingi Héraðsnefndar og nú mun Arna Ír hafa samband við Runólf hjá Hveragerðisbæ til að aðstoða safnið við að fá aðila til að laga þakið sem fyrst. Tekið verður lán til að greiða fyrir viðgerðina.

2) Hugmyndir að breytingum á stjórnskipulagi safna Héraðsnefndar.

Skv. sveitarstjórnarlögum þarf að gera breytingar á stjórnskipulagi safnanna. Arna Ír fer yfir aðdraganda þess í stuttu máli. Héraðsnefnd hefur um tíma rætt þær breytingar sem þarf að gera á stjórnskipulaginu, þ.e. að breyta þarf söfnunum í byggðasamlag. Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar hefur falið stjórnnum Listasafns Árnesinga, Byggðasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns að skoða kosti og galla þess að sameina í eitt byggðasamlag.

Stjórn safnsins telur álitlegasta kostinn vera að setja söfnin í eitt byggðasamlag þar sem söfnin yrðu rekin sem sjálfstæðar einingar undir einni stjórn.

3) Kristín segir frá starfi safnsins. Starfið í safninu í fyrra gekk mjög vel, sjá vimeolink hér yfir vídeó sem sýnir fjölbreytt starf safnsins. <https://vimeo.com/1041690591?share=copy>

Við vorum með fjölmargar sýningar, um 20.000 gesti sem er aukning frá árinu áður, viðburði, pop-up tónlistarviðburði, smiðjur, ljóðakvöld, námskeið fyrir börn og svo framvegis.

Á þessu ári verður haldið áfram með það starf, búið að skipuleggja sýningar út árið og út næsta ár líka. Við höldum áfram að vera með ókeypis smiðjur minnst einu sinni í mánuði og erum í samstarfi nú með bæði japanska og indverska sendiráðinu að viðburðum á árinu.

Það er búið að biðja okkur um að vera í tveimur Evrópuverkefnum og einu Norrænu verkefni og mun safnstjóri LÁ svara til um samstarf á næstu vikum og ráða verkefnastjóra í hlutastarf til að aðstoða við það.

Safnaráð gerir kröfu um viðbragsáætlun safna og er LÁ að vinna í því um þessar mundir.

Safnið hlaut nýverið styrki frá Safnaráði og hefur einnig hlotið styrki á síðasta ári frá Barnamenningsráði og Uppbyggingarsjóði og verður haldið áfram að sækja í þá á þessu ári. Safnið tekur þátt í skipulagningu á Farskóla safnamanna sem mun fara fram á Selfossi og í Árnæssýslu í október á þessu ári. Má búast við um 150 safnafólki frá öllu landinu sem kemur til að kynna sér svæðið og taka þátt í þingi safnafólks.

N.S.
Alb

Listasafn Ámesinga fékk einnig styrk frá Safnaráði til að heimsækja kollega í Finnlandi, nánar tiltekið í Pori safninu þar sem þau urðu fyrir miklum skaða fyrir nokkrum árum og þakið brann að hluta og fóru þau þá í 2ja ára endurbætingu á öllu safninu.

Lóðarverkefnið með Garðyrkjuskólanum á Reykjum heldur áfram og verður líklega aftur gert eins og í fyrra þar sem útskriftarnemar fá að vinna verkefni sitt á lóð okkar í samráði við safnstjóra og verkefnastjóra sem heldur utan um það.


4) Önnur mál.

Safnið hefur fengið gjafaóskir frá listamönnum sem safnstjóri skoðar nú og mun svara þeim sem vilja gefa LÁ gjöf í safneign. Safnið getur ekki tekið við öllum gjöfum og verður að skoða hverja gjöf vandlega með td. safneignarrými í huga.


Fundi slitið kl. 9:30



Anna Ír Gunnarsdóttir formaður



Njörður Sigurðsson



Kristín Scheving, safnstjóri